

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Skólasvæðið á Hellu, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 14. desember 2022 tillögu að deiliskipulagi fyrir skólasvæðið á Hellu. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu mannvirkja tengdra skólastarfi grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla ásamt tengdu svæði til útivistar og íþróttar. Aðkoma er frá Útskálum að norðanverðu og frá Þingskálum að sunnanverðu. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 17. janúar 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2023